

# Þingsályktun

um aðgerðaáætlun til að efla fjarheilbrigðisþjónustu.

---

Alþingi ályktar að fela heilbrigðisráðherra að skipa starfshóp sem móti stefnu og aðgerðaáætlun til eflingar fjarheilbrigðisþjónustu svo bjóða megi landsmönnum, hvar sem þeir eru í sveit settir, fjölbreytta, skilvirka og örugga heilbrigðisþjónustu. Heilsugæslustöðin Kirkjubæjarklaustri, Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins, landlæknir og Landspítali tilnefni einn fulltrúa hver í hópinn en einn fulltrúa skipi heilbrigðisráðherra án tilnefningar.

Starfshópurinn ljúki störfum fyrir 1. mars 2016.

---

*Samþykkt á Alþingi 1. júlí 2015.*